

## **0. Lýsigögn Smásöluvísitölu**

### **0.1 Heiti**

Vísitala smásöluveltu

### **0.2 Efnisflokkur**

Vísitölur á Sarpi – Áskriftarleið 2 og fyrirtækjaáskrift

### **0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.**

Rannsóknasetur verslunarinnar

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir

Netfang: [sigrun@rsv.is](mailto:sigrun@rsv.is)

### **0.4 Tilgangur og aðdragandi**

Vísitalan sýnir þróun í veltu verslana í ýmsum greinum smásölu, samkvæmt virðisaukaskattskýrslum, á milli tímabila sem spanna tvo mánuði í senn. Tilgangurinn er tvíþættur, annars vegar að gefa fyrstu vísbendingar um þróun neyslu innanlands og hins vegar að lýsa rekstrarskilyrðum verslana hérlendis.

### **0.5 Notendur og notkunarvið**

Vísitala smásölu getur nýst bæði opinberum aðilum og einkaaðilum við mat á efnahagsþróun til skamms tíma þar sem hún er tiltölulega kvikur mælikvarði á einkaneyslu. Vísitalan getur einnig nýst við ákvarðanatöku um rekstur verslana, til dæmis við áherslubreytingar í vöruframboði.

### **0.6 Heimildir**

Rannsóknasetur verslunarinnar safnar upplýsingum frá Hagstofu Íslands um veltu verslana í þeim flokkum sem vísitalan lýsir. Heimildir Hagstofu Íslands eru virðisaukaskattsgögn frá Ríkisskattstjóra og gögn úr fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Heimild fyrir veltu áfengisverslana var sótt til ÁTVR allt þar til í apríl 2019 en eftir þann tíma koma gögn um veltu áfengisverslana úr kortaveltugögnum RSV.

### **0.7 Svarbyrði við innsöfnun**

Lítill. Gögn eru sótt rafrænt til Hagstofu Íslands. Upplýsingum um kortaveltu áfengisverslana er skilað mánaðarlega á rafrænan hátt.

## **1. Efni**

### **1.1 Efnislýsing**

Vísitalan er veltuvísitala fyrir ólíkar greinar innlendrar smásölu og mælir þróun á heildarsöluverðmæti vöru án virðisaukaskatts innan þeirra greina smásölu sem hún nær til.

Vísitalan er bæði birt á breytilegu og á föstu verðlagi auk þess sem hún er birt leiðrétt fyrir árstíðasveiflum.

## 1.2 Tölfræðileg hugtök

*Atvinnugreinaflokkar:* Notað er flokkunarkerfið ÍSAT2008 og flokkun skv. fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Velta er flokkuð eftir aðalatvinnugrein rekstraraðila. Eftirfarandi atvinnugreinaflokkar:

Bílasala - Sala vélknúinna ökutækja, þó ekki vélhjóla (ÍSAT nr. 451)

Stórmarkaðir og matvöruverslanir - Stórmarkaðir og matvöruverslanir (ÍSAT nr. 47111)

Byggingavöruverslanir - Smásala á járn- og byggingarvöru, málningu og gleri í sérverslunum (ÍSAT nr. 4752)

Fataverslanir - Smásala á fatnaði, skófátnaði og leðurvörum í sérverslunum (ÍSAT nr. 4771-4772)

Lyfjaverslanir - Lyfjaverslanir (ÍSAT nr. 4773)

Áfengisverslanir – Gögn sótt beint frá ÁTVR til apríl 2019 en úr kortaveltugögnum RSV eftir þann tíma

*Virðisaukaskattstímabil:* Yfirleitt tveir almanaksmánuðir, janúar-febrúar, mars-apríl o.s.frv. Margir bændur eiga kost á því að skila virðisaukaskattskýrslu hálfárslega. Þeir sem hafa mjög litla veltu geta skilað virðisaukaskattskýrslu árlega.

*Velta skv. virðisaukaskattskýrslum:* Velta án virðisaukaskatts. Hér er talin með öll virðisaukaskattskyld velta og velta undanþegin virðisaukaskatti.

Meiri upplýsingar um virðisaukaskatt má finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra:

<https://www.rsk.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/vsk-fyrir-byrjendur/>

*Fast verðlag* miðast við viðeigandi undirvísitölur vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega.

*Árstíðaleiðrétting* er jafnan gerð á þeim tímaröðum sem hafa náð þrem árum, 36 mælingum. Þegar vísitala smásöluveltu er leiðrétt fyrir árstíðasveiflum er notast við aðferð hlaupandi meðaltals (e. moving average) og miðað við 12 mánaða tímabil til sveiflujöfnunar.

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Tveggja mánaða tímabil:

- janúar-febrúar
- mars-apríl
- maí-júní
- júlí-ágúst
- september-október
- nóvember-deember

Vísitala smásöluveltu er reiknuð að jafnaði á tveggja mánaðar fresti og er viðmiðunartími hennar tveir næstliðnu mánuðir. Vísitala janúar-febrúar mánaðar, sem birt er í maí, byggir því á vísitölustigi í nóvember-desember og veltubreytingum milli nóvember-desember og janúar-febrúar.

## 2.2 Vinnslutími

Fyrstu tölur eru gefnar út tveimur og hálfum mánuði eftir að viðmiðunartímabili lýkur, þ.e. rúmum mánuði eftir að virðisaukaskattskyldir aðilar eiga að vera búnir að skila upplýsingum til Ríkisskattstjóra. Vísitala fyrir hverja tvo mánuði er jafnan reiknuð og birt um leið og fyrstu veltutölur eru gefnar út.

## 2.3 Stundvísi birtingar

Birting vísitölnnar er ekki tímasett með birtingaráætlun að svo stöddu heldur er talnaefni birt jafnóðum og vinnslu þess líkur.

## 2.4 Tíðni birtinga

Á tveggja mánaða fresti.

## 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Helsta gagnalindin eru virðisaukaskattskýrslur rekstraraðila frá Ríkisskattstjóra. Áreiðanleiki gagna er háður því að þessi lögboðna skylda sé virt og framtölin rétt fyllt út.

Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT2008 og byggir á Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Flest fyrirtæki falla innan skilgreiningar einnar atvinnugreinar samkvæmt ÍSAT 2008 staðlinum en sum stærri fyrirtæki eru í fleiri en einni atvinnustarfsemi. Í þeim tilvikum ræður sú atvinnugrein sem færir fyrirtækinu hærri rekstrartekjur.

### 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Helstu skekkjuvaldar geta verið villur í virðisaukaskattskýrslum eða að fyrirtæki/einstaklingar skili ekki inn gögnum til Ríkisskattstjóra. Einnig geta fyrirtæki verið flokkuð í ranga atvinnugrein.

### 3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Ekki verða áætluð skekkjumörk fyrir vísitöluna. Þó eru birtar upplýsingar um samband milli fyrstu talna (allar veltu tölur sem Hagstofa Íslands birtir eru bráðabirgðatölur. Við birtingu nýrra talna eru eldri tölur endurskoðaðar, yfirleitt til hækkunar vegna síðbúinna gagna) og endurskoðaðra talna sem eru uppfærðar jafnóðum og ný gögn berast.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Gögn sem notuð eru við vinnslu vísitölnnar eru almennt samanburðarhæf milli tímabila innan árs og milli ára þar sem samræmdum aðferðum er beitt frá ári til árs við vinnslu gagna.

Vinnslu vísitölunnar er ekki breytt með þeim hætti að samanburður milli tímabila verði ómögulegur. Hins vegar er rétt að taka fram að árstíðarbundin áhrif eða dagatalsáhrif geta haft veruleg áhrif á veltu. Má þar nefna verslun vegna stórhátíða og fjölda virkra daga í mánuði. Því getur samanburður á gögnum milli mánaða og milli ára verið villandi en með því að styðjast við árstíðarleiðrétt gögn er að einhverju leiti komist hjá þessum vanda.

#### **4.2 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna**

Allar veltutölur sem Hagstofa Íslands birtir eru bráðabirgðatölur. Tölur geta breyst eftir fyrstu birtingu vegna síðbúinna skila rekstraraðila og þegar rekstraraðilar leiðréttta fyrri tölur. Hagstofa fær upplýsingar um leiðréttingar fram á mitt ár árið eftir að leiðréttingar eiga sér stað, þ.a. upplýsingar sem skila sér seinna til Ríkisskattstjóra eru ekki með í þessum hagtölum.

Tölur geta einnig breyst afturvirkir ef fyrirtæki skiptir um atvinnugrein, en slíkar breytingar gilda alltaf afturvirkir í Fyrirtækjaskrá Hagstofu, a.m.k. aftur til seinustu áramóta og stundum lengra aftur í tíma.

Að jafnaði hækka tölur frá fyrstu til annarrar birtingar. Vísitala smásöluveltu er því leiðrétt aftur í tíma þegar ný gögn berast, en þó aldrei lengra en 12 mánuði aftur í tíma.

### **5. Aðgangur að upplýsingum**

#### **5.1 Miðlunarleiðir**

- Fréttir, birtar á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar RSV  
Vefslóð: [www.rsv.is](http://www.rsv.is)
- Rafræn áskrift að fréttatilkynningum
- Talnaefni aðgengilegt í áskrift á innri vef RSV, [www.sarpur.rsv.is](http://www.sarpur.rsv.is).

#### **5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar**

Grunngögn eru varðveitt hjá Ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands og eru ekki aðgengileg öðrum en þeim starfsmönnum þar sem vinna með gögnin.

#### **5.3 Skýrslur**

Gerð er grein fyrir þróun vísitalnanna með mánaðarlegri fréttatilkynningu og vísitölur eru aðgengilegar áskrifendum að innri vef rannsóknasetursins, <https://www.sarpur.rsv.is>.

#### **5.4 Aðrar upplýsingar**

Nánari upplýsingar um veltuvísitölu smásölu er hægt að fá með því að senda tölvupóst á [rsv@rsv.is](mailto:rsv@rsv.is) eða [sigrun@rsv.is](mailto:sigrun@rsv.is).